

Mýrdalshreppur
b.t. Vigfús Þ. Hróbjartsson
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Austurvegi 17
870 Vík, Mýrdal

Hella 26. apríl 2018
UST201803-117/J.S.J.
10.04.02

Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012 – 2028 – Breytingartillaga. Umsögn


Vísað er til erindis Skipulags- og byggingarfulltrúa Mýrdalshrepps er barst 8. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012 – 2028 varðandi stærð verslunar- og þjónustusvæðis ferðaþjónustu við Sólheimajökul.


Fram kemur í tillögu að breytingu á aðalskipulagi að um er að ræða stækkun á verslunar- og þjónustusvæði við Sólheimajökul. Gert er ráð fyrir að svæðið verði stækkað úr 1 ha í 5,5 ha. Samhliða er nýtingarhlutfall á svæðinu lækkað með það í huga að byggingarheimildir á svæðinu verða áfram 4.000 m² og haldast óbreyttar.

Umhverfisstofnun tilgreindi í umsögn um breytingu á deiliskipulagi Sólheimajökulsmela þann 5. júlí 2016 að stofnunin teldi mikilvægt við skipulag á svo stóru svæði yrði skipt upp til þess að minnka neikvæði áhrif, ef mögulegt væri. Einnig telur stofnunin að mikilvægt sé að framkvæmdum verði hagað þannig að þær falli vel að umhverfinu.

Á svæðinu eru ekki náttúruminjar er njóta sérstakrar verndar og er svæðið ekki á náttúruminjasrá.

Virðingarfyllst


Jón Smári Jónsson
Sérfræðingur


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur